

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1991

4. október 1991

873

Nr. 465

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 313/1990 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Úr 1. gr. framangreindrar auglýsingar falla brott eftirtalin tollskrárnúmer:

Tollskrárn.	Vörutegund
9603.1000	Sópar og burstar úr hrísi eða öðrum jurtaefnum, samanbundið, einungis með skafti.
9603.4000	Málningarpenslar (ekki málningarrúllur).
9603.9000	Aðrir sópar, burstar og penslar, þó ekki gúmmíþvögur á skafti og skaftþvögur.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 4. október 1991.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

2. október 1991

Nr. 466

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um eldsneytisáfyllingu loftfara nr. 282/1980.

1. gr.

Við síðustu málsgrein greinar 6.2. bætist eftirfarandi setning:

„Aldrei má taka eldsneyti af eldsneytistönkum loftfars (defuel), þegar farþegar eru um borð, að fara um borð eða ganga frá borði.“

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 150. gr. laga um loftferðir nr. 3421. maí 1964 til að öðlast þegar gildi, birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. október 1991.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

B 63

Prentsmiðjan Gutenberg hf.